

**Ed.** **114. Frumvarp til laga** [19. mál]  
um breyting á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:  
Nú verður biskup Íslands sjötíu ára að aldri, og má hann þá, ef aðrar ástæður hindra ekki, halda embætti sínu, þar til hann verður 75 ára, ef  $\frac{3}{5}$  þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, bera fram ósk um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til núverandi biskups Íslands.